
Endurgreiðsla skatta inn á bankareikning

Fjármálaráðuneytið mun greiða vaxtabætur og endurgreiðslu vegna ofgreiddra skatta til starfsmanna ríkis og bæja, bankastarfsmanna og tryggingabótaþega beint inn á launareikninga viðkomandi, nema annars sé óskað. Áður hefur verið frá því skýrt að það verði gert við barnabætur, húsnæðisbætur og barnabótaauka. Almennir launþegar geta einnig sótt um þessa fyrirgreiðslu hjá sínum viðskiptabönkum.

Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér að þessar greiðslur berast fyrr til viðtakenda. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu hafa viðbrögð almennra launþega verið talsverð. Ráðuneytið sendir 45.000 ávísanir vegna barnabóta, barnabótaauka og húsnæðisbóta til viðtakenda um mánaðamótin en 25.000 bótaþegar fá sínar greiðslur sem innlegg á bankareikninga.



Morgunblaðið/RAX

Yoko Ono gróðursetur tré

Listakonan Yoko Ono hefur haft í mörgu að snúast hér á landi, en á laugardag var opnuð sýning á verkum hennar á Kjarvalsstöðum. Síðdegis á sunnudag gróðursetti hún átta tré í Vinaskóginum í Kárastaðalandi. Að loknu verkinu kyssti hún hvert tré.

Sjá einnig bls. 25.

Loðskinnauppboð í Kaupmannahöfn:

75% verðhækkun á blárefaskinnum

VERÐ á blárefaskinnum hækkaði um 75% frá því í febrúar á loðskinnauppboði sem hófst í Kaupmannahöfn á sunnudaginn. Verð á silfurrefaskinnum hækkaði um 65%, bluefrostskinn hækkuðu um 62% og verð á skuggarefaskinnum hækkaði um 43%. Alls voru boðin 252.437 skinn á uppboðinu, þar af 3.000 íslensk skinn, og seldust þau öll.

Meðalverð á íslenskum blárefaskinnum á uppboðinu var 2.945 kr., meðalverð silfurrefaskinna var 3.403 kr., og meðalverð bluefrostskinna 3.046 kr. Skinn af hvítref seldust á 2.917 kr. meðalverði, og meðalverð skuggarefaskinna var 2.743 kr. Á uppboðinu voru skinn frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Íslandi, og var meðalverð þeirra í heild 3.110 kr., en meðalverð íslensku skinnanna var 2.743 kr.

Landsvirkjun:

Gjaldskráin þarf að hækka um minnst 7-8% á næstunni

– segir Halldór Jónatansson forstjóri

ÁÆTLAÐUR greiðsluhalli Landsvirkjunar í ár er tæpar 800 milljónir króna, en á síðasta ári var greiðsluhallinn 338 milljónir, eins og fram kom í máli Halldórs Jónatanssonar, forstjóra Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins síðastliðinn föstudag. Að sögn Halldórs eru viðræður Landsvirkjunar og Þjóðhagsstofnunar um þörf á hækkun gjaldskrár og langtímamarkmið í verðlagningu raforku frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna nú í þann veginn að hefjast, en ljóst sé að til að ná greiðslujöfnuði í ár þurfi að hækka gjaldskrána meir en svo á einu ári að raunhæft geti talist, og því ekki um annað að ræða en leiðrétta gjaldskrána í áföngum. Telur Halldór að liður í slíkri leiðréttingu þurfi að vera minnst 7-8% hækkun gjaldskrárinnar á næstunni.

Á fyrsta ársfjórðungi í ár hefur Landsvirkjun orðið fyrir gengistapi að fjárhæð 1.128 milljónir króna, og nemur rekstrarhalli á sama tíma 108 milljónum króna. Að sögn Halldórs Jónatanssonar eru meginástæðurnar fyrir því hve afkomuhorfurnar eru slæmar óhagstæð gengisþróun það sem af er þessu ári, og meiri lækkun á raunverði rafmagns frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna á undanförnum árum en langtímaáætlanir hefðu gert ráð fyrir. Hann sagði að stjórn Landsvirkjunar hefði verið gerð grein fyrir þessum vanda, og undirbúningi viðræðna Landsvirkjunar og Þjóðhagsstofnunar um hækkunarþörf í ár og langtímamarkmið í verðlagningu raforku frá Landsvirkjun til almenningsrafveitna væri lokið af hálfu Landsvirkjunar. Ekki væri um annað að ræða en leiðrétta gjaldskrána í áföngum, og teldi hann að liður í slíkri leiðréttingu þyrfti að vera að minnsta kosti 7-8% hækkun á næstunni. Til lengri tíma litið þyrfti síðan nokkra raunverðshækkun til viðbótar 1992 og 1993 að teknu tilliti til aukins rekstrarkostnaðar vegna tilkomu Blönduvirkjunar, en síðan ætti raunverðið að geta farið lækkandi á ný fram yfir aldamótin þar til það yrði látið staðnæmast við langtíma jaðarkostnaðarverð.

Skák:

Karl keppir í Budapest

KARL Þorsteins er með 4½ vinning eftir 8 umferðir á skákmóti í Budapest í Ungverjalandi. Mótinu lýkur á föstudag.

Þetta er lokað mót í 8. styrkleikaflokki með 13 þátttakendum, þar af þremur stórmeisturum og 10 alþjóðlegum meisturum. Efstur á mótinu er ungverski stórmeistarinn Lukacs með 5½ vinning en þrír skákmenn koma næstir með 5 vinninga.

Karl sagði við Morgunblaðið að hann hefði vonast til að ná áfanga að stórmeistaratitli á mótinu en sú von væri að mestu úti.

Flugleiðir:

Með stundvísustu flugfélögum Evrópu

FLUGLEIÐIR hf. eru að sögn Péturs J. Eiríkssonar, framkvæmdastjóra markaðssviðs, komnir í hóp stundvísustu flugfélaga í Evrópu.

„Við tókum þá ákvörðun fyrir ári að stefna að því að ná að minnsta kosti meðaltali í stundvísi miðað við önnur flugfélög í Evrópu á síðasta ári og það virðist hafa tekist. Síðustu mánuðina höfum við verið um og yfir meðaltali þeirra, í 14. til 4. sæti af félögum í Samtökum flugfélaga í Evrópu síðustu mánuði," sagði Pétur í samtali við Morgunblaðið og bætti við að félagið stefndi að sjálfsögðu að enn meiri stundvísi í framtíðinni.

Hann sagði að Finnair hefði náð einna bestum árangri í stundvísi á síðastliðnu ári.

Lögreglan í Reykjavík:

Ráðherra skipar í stöðu sem lögreglustjóri vill leggja niður

ÓLI Þ. Guðbjartsson, dómsmálaráðherra, hefur skipað Hilmar Þorbjörnsson, lögregluvarðstjóra, í stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Böðvar Bragason lögreglustjóri hafði lagst gegn því að skipað yrði í stöðuna, sem hann segir óþarfa og falla utan gildandi starfsskipulags hjá embættinu. Hann kvaðst í samtali Morgunblaðið einungis líta á þessa stöðuveitingu sem kauphækkun viðkomandi manns. Óli Þ. Guðbjartsson dómsmálaráðherra segist hafa skipað í stöðuna þar sem sér hafi fundist óeðlilegt að fækka í verkstjórn lögreglunnar á sama tíma og 10% fjölgun hefði orðið í lögregluliði borgarinnar.

„Það starfsskipulag, sem hér er unnið eftir í dag, gerir ekki ráð fyrir þessari stöðu," sagði Böðvar Bragason lögreglustjóri í samtali við Morgunblaðið. „Stefnan hefur verið sú hjá mér, eins og ég hef lýst fyrir ráðuneytinu, að reyna að gera yfirstjórn embættisins skilvirkari, boðleiðir greiðari og alla stjórnun auðveldari. Í þessu felst meðal annars það langtímamarkmið að fækka eilítið í yfirstjórn. Ég tel að það sé embættinu betra að fjölga þeim starfsmönnum sem eru í sem beinustu sambandi við þá sem við vinnum fyrir. Það er af þessari ástæðu sem mér kemur þetta á óvart. Ég hef beðið um rök fyrir því hvers vegna ætti að senda mér menn sem ekki pössuðu inn í þessa rekstrarmynd. Þennan rökstuðning vantar enn. Hins vegar hefur mér verið sendur maðurinn," sagði Böðvar Bragason.

„Í fyrra þegar staðan varð laus tilkynnti lögreglustjóri mér þann vilja sinn að ekki yrði ráðið í stöðuna og yfirlögregluþjónum í Reykjavík fækkað. Ég bað hann um rökstuðning fyrir því og hann afhenti mér skipurit sem hann byggði þetta á en annan rökstuðning hef ég ekki fengið fyrir fækkun af hans hálfu," sagði Óli Þ. Guðbjartsson dómsmálaráðherra. „Ég athugaði þetta í ákveðinn tíma hér í ráðuneytinu og eftir þá athugun var ég ekki sammála þessu áliti lögreglustjóra," sagði ráðherra. Aðspurður hvort lögreglustjóra hefði verið falið að breyta því skipuriti sem hann lagði fram sagði ráðherra það liggja í hlutarins eðli eftir þá ákvörðun sem tekin hefði verið í ráðuneytinu fyrr í vetur að fjöldi yfirlögregluþjóna yrði óbreyttur frá því sem verið hefði.

Hilmar Þorbjörnsson skipaði 3. sæti á framboðslista Frjálslyndra, flokks dómsmálaráðherra, í Reykjaneskjördæmi við síðustu alþingiskosningar en ráðherra sagði að pólitískar skoðanir Hilmars hefðu engin áhrif haft í þessu máli. Hann hefði að baki 33 ára starfsaldur við góðan orðstír í lögreglunni, auk þess sem hann hefði áður hlotið meðmæli fyrrverandi lögreglustjóra í stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns en öðrum hefði þá verið veitt staðan. „Allt um það finnst mér ekki eðlilegt að hann yrði látinn gjalda skoðana sinna í því efni fremur en lögreglustjóri sjálfur. Ef ég man rétt þá var hann varaþingmaður þess dómsmálaráðherra sem skipaði hann í embætti lögreglustjóra. Enda hef ég ekki orðið var við að lögreglustjóri hafi gagnrýnt þetta á neinn hátt," sagði Óli Þ. Guðbjartsson.

Verð bíómiða hækkar

VERÐ á aðgöngumiðum kvikmyndahúsa hefur í nokkrum tilfellum verið hækkað úr 400 í 450 kr., en að sögn Árna Samúelssonar eiganda Bíóhallarinnar á það við um miðaverð á myndir sem dýrari eru en aðrar í innkaupum.

Árni sagði að innkaupsverð á kvikmyndum hefði hækkað talsvert undanfarið vegna hækkandi gengis Bandaríkjadollars. Hann sagðist telja að almennt verði aðgöngumiðaverðið komið í 450 kr. eftir um það bil einn mánuð, en verðið hefur verið 400 kr. í tæplega tvö ár.